



Samantburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu níu
mánuðum áranna 2020 - 2022

Febrúar 2023

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur¹ sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu á fyrstu níu mánuðum árána 2020, 2021 og 2022. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði lítillega á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 miðað við sama tímabil árið á undan, eða um 1,5% og 3,8% ef miðað er við sama tímabil árið 2020. Fjöldi tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 voru 9.936. Tilkynningum fækkaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 í Reykjavík sem og höfuðborgarsvæðinu öllu en fjölgaði á landsbyggð á milli ára.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 voru vegna vanrækslu eða 43,6% allra tilkynninga og er það svipað hlutfall og síðustu ár. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 var 27,8%, en 27,6% og 28,7% á sama tímabili árin tvö á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 en árið 2021 var þetta hlutfall 28,4% og 26,6% árið 2020. Tilkynningar vegna gruns um að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu voru óvenju fáar samanborið við fyrri ár, eða 55, sem er um 0,5% allra tilkynninga. Fyrri ár hefur hlutfall slíkra tilkynninga verið um 1%.

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli og meginástæðu tilkynninga. Það sem vekur athygli er að fjöldi tilkynninga í flestum flokkum er svipaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 samanborið við sama tímabil árið 2021, en fjölgaði þó lítillega: fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu fjölgaði um 2,4%, vegna ofbeldis fjölgaði um 2,1% og vegna áhættuhegðunar um 0,2%.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 bárust 778 tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis eða 12,9% fleiri en á sama tímabili árið 2021. Er það í takt við fjölgun tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins. Þegar litið er til undirflokka áhættuhegðunar barna og unglinga eru tveir flokkar sem standa út úr: annars vegar *barn beitir ofbeldi* og hins vegar *erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt*. Í fyrri flokknum bárust 657 tilkynningar á tímabilinu janúar til og með september 2022 eða 4,4% fleiri en árið 2021. Aftur á móti eru það 24% fleiri tilkynningar í flokknum ef borið er saman við sama tímabil árið 2020. Þá bárust 238 tilkynningar vegna erfiðleika barns í skóla sem eru 8,2% fleiri en á sama tímabili árið 2021 en 38,4% fleiri árið 2020.

Frá áramótum hefur sískráning barnaverndarþjónusta verið unnin samkvæmt uppfærðu Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd. Hér er um að ræða fjórar megin breytingar: 1) breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila, 2) undirflokkum var bætt við í flokkana *líkamlegt ofbeldi* sem og *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá ef barnið verður fyrir ofbeldi af hendi náins aðila, 3) undirflokkur var bætt við flokkinn *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá hvort tiltekin tilkynning varðar *stafrænt kynferðisofbeldi*, 4) tveimur flokkum tilkynnenda bætt við, sem áður höfðu fallið

¹ Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á samanburð þennan við fyrri ár.

undir flokkinn *aðrir*. Hér er um að ræða *annað nærumhverfi barns* annars vegar og *íþróttir og tómsundastarf* hins vegar. Undir *annað nærumhverfi barns* falla tilkynningar sem berast frá nærumhverfi barns en átti ekki heima undir *foreldrar, ættingjar* eða *nágrannar*. Í þennan flokk færu til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúpforeldrum, fyrrum stjúpforeldrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

Þessi skráning gefur betri mynd af eðli tilkynninga sem berast barnaverndarþjónustum. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 voru 44% tilkynninga sem vörðuðu tilfinningalegt ofbeldis voru vegna ofbeldis af hálfu náins aðila. Þá má einnig sjá að 29,3% tilkynninga sem bárust barnaverndarþjónustum vegna líkamlegs ofbeldis voru vegna gruns um ofbeldi af hendi náins aðila. Þá voru 28,9% allra tilkynninga um kynferðisofbeldis af hendi náins aðila. 10,7% tilkynninga um kynferðisofbeldi voru vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,2% tilkynninga, og er það í takt við fyrri ár. Þá má sjá að stór hluti tilkynninga er að berast úr nánasta umhverfi barns. Samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi eru 1.576 eða 15,9% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 var 7.830 börn, en árin á undan var þau 7.858 og 7.752 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.894	40,7	3.715	37,9	3.634	36,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.507	26,2	2.706	27,6	2.619	26,4
Landsbyggð	3.169	33,1	3.371	34,4	3.683	37,0
Samtals	9.570	100	9.792	100	9.936	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5.304	55,4	5.264	53,8	5.400	54,3
Stúlkur	4.154	43,4	4.444	45,4	4.473	45,0
Stálp ¹	0	0	4	<0,1	8	0,1
Ekki vitað ²	112	1,2	80	0,8	55	0,6
Samtals	9.570	100	9.792	100	9.936	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.824	37,4	2.877	36,6	2.690	34,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.082	27,6	2.181	27,8	2.091	26,7
Landsbyggð	2.646	35,0	2.800	35,6	3.049	38,9
Samtals	7.552	100	7.858	100	7.830	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.186	55,4	4.227	53,8	4.254	54,4
Stúlkur	3.301	43,7	3.572	45,5	3.518	44,9
Stálp ¹	0	0	4	<0,1	8	0,1
Ekki vitað ²	65	0,9	55	0,7	50	0,6
Samtals	7.752	100	7.858	100	7.830	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	5.290	70,0 ¹	5.428	69,1 ¹	4.859	62,1 ¹
<i>Drengir</i>	2.816	53,2	2.798	51,5	2.548	52,4
<i>Stúlkur</i>	2.421	45,8	2.589	47,7	2.283	47,0
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	53	1,0	41	0,8	28	0,6
Þar af nýjar kannanir	2.312	30,6 ¹	2.381	30,3 ¹	2.416	30,9 ¹
<i>Drengir</i>	1.194	51,6	1.180	49,6	1.233	51,0
<i>Stúlkur</i>	1.079	46,7	1.171	49,2	1.164	48,2
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	39	1,7	30	1,3	19	0,8

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	4.151	43,3	4.223	43,1	4.326	43,6
Ofbeldi	2.745	28,7	2.705	27,6	2.762	27,8
Áhættuhegðun barna	2.549	26,6	2.779	28,4	2.785	28,1
Vegna ófædds barns	125	1,3	81	0,8	55	0,5
Alls	9.570	100	9.792¹	100	9.936¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 4 tilkynningar á fyrstu 9 mánuðum 2021 og tilkynningar á sama tímabili 2022 þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 9.792 tilkynningar annars vegar og 9.935 tilkynningar hins vegar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	4.151		4.223		4.326	
<i>Drengir</i>	2.175	52,4	2.212	52,4	2.333	53,9
<i>Stúlkur</i>	1.974	47,6	2.011	47,6	1.993	46,1
Líkamleg vanræksla	182		162		169	
<i>Drengir</i>	95	52,2	82	50,6	99	58,6
<i>Stúlkur</i>	87	47,8	80	49,4	70	41,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	3.644		3.705		3.758	
<i>Drengir</i>	1.897	52,1	1.975	53,3	2.014	53,6
<i>Stúlkur</i>	1.747	47,9	1.730	46,7	1.744	46,4
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.550		1.509		1.438	
<i>Drengir</i>	796	51,4	823	54,5	771	53,6
<i>Stúlkur</i>	754	48,6	686	45,5	667	46,4
Vanræksla varðandi nám	184		207		207	
<i>Drengir</i>	116	63,0	89	43,0	102	49,3
<i>Stúlkur</i>	68	37,0	118	57,0	105	50,7
Tilfinningaleg vanræksla	304		317		284	
<i>Drengir</i>	178	58,6	152	47,9	159	56,0
<i>Stúlkur</i>	126	41,4	165	52,1	125	44,0


Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	2.745		2.705		2.762	
<i>Drengir</i>	1.356	49,4	1.306	48,3	1.280	46,3
<i>Stúlkur</i>	1.389	50,6	1.399	51,7	1.482	53,7
Tilfinningalegt ofbeldi	1.783		1.583		1.522	
<i>Drengir</i>	912	51,1	812	51,3	732	48,1
<i>Stúlkur</i>	871	48,9	771	48,7	790	51,9
þar af hálfu náins aðila ¹	837		804		669	
<i>Drengir</i>	447	53,4	424	52,7	320	47,8
<i>Stúlkur</i>	390	46,6	380	47,3	349	52,2
Líkamlegt ofbeldi	634		689		778	
<i>Drengir</i>	364	57,4	399	57,9	460	59,1
<i>Stúlkur</i>	270	42,6	290	42,1	318	40,9
þar af hendi náins aðila ²	-		-		228	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	131	57,5
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	97	42,5
Kynferðisofbeldi	382		515		495	
<i>Drengir</i>	99	25,9	145	28,2	112	22,6
<i>Stúlkur</i>	283	74,1	370	71,8	383	77,4
þar af hendi náins aðila ²	-		-		143	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	27	18,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	116	81,1
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	-		-		53	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	12	22,6
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	41	77,4

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

²Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	2.549		2.779		2.785	
<i>Drengir</i>	1.759	69,0	1.745	62,8	1.787	64,2
<i>Stúlkur</i>	789	31,0	1.034	37,2	998	35,8
Neysla barns á vímuefnum	454		433		472	
<i>Drengir</i>	291	64,1	266	61,4	278	58,9
<i>Stúlkur</i>	163	35,9	167	38,6	194	41,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	934		987		899	
<i>Drengir</i>	543	58,1	469	47,5	439	48,8
<i>Stúlkur</i>	390	41,8	518	52,5	460	51,2
Afbrot barns	544		578		578	
<i>Drengir</i>	425	78,1	406	70,2	437	75,6
<i>Stúlkur</i>	119	21,9	172	29,8	141	24,4
Barn beitir ofbeldi	530		629		657	
<i>Drengir</i>	447	84,3	520	82,7	551	83,9
<i>Stúlkur</i>	83	15,7	109	17,3	106	16,1
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	172		220		238	
<i>Drengir</i>	104	60,5	109	49,5	126	52,9
<i>Stúlkur</i>	68	39,5	111	50,5	112	47,1

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu¹	673		538		576	
<i>Drengir</i>	355	52,7	266	49,4	309	53,6
<i>Stúlkur</i>	297	44,1	250	46,5	262	45,5
<i>Stálp eða ekki vitað²</i>	21	3,1	22	4,1	5	0,9

¹ Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	54	0,6	49	0,5	49	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	560	5,9	558	5,7	513	5,2
Nágrannar	802	8,4	591	6,0	515	5,2
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	-	-	499	5,0
Önnur barnaverndarþjónusta	174	1,8	115	1,2	148	1,5
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	234	2,4	276	2,8	313	3,2
Lögregla	3.717	38,8	3.738	38,2	3.794	38,2
Skólaþjónusta	1.060	11,1	1.295	13,2	1.279	12,9
Leikskóli/gæsluforeldri	200	2,1	175	1,8	146	1,5
Íþróttir og tómstundastarf ¹	-	-	-	-	45	0,5
Heilbrigðisþjónusta	953	10,0	1.078	11,0	1.182	11,9
Foreldrar barns	741	7,7	782	8,0	756	7,6
Aðrir	1.075	11,2	1.135	11,6	697	7,0
Samtals	9.570	100	9.792	100	9.936	100

¹Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.